

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1610  
komudagur 18.4.2006




Nefndasvið Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2006

**Efni: Umsögn Dagsbrúnar hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála lögum um fjarskipti**

Vinsamlegast móttakið meðfylgjandi umsögn Dagsbrúnar hf. um framangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,

  
f.h. Dagsbrúnar hf.  
Dóra Sif Tynes, Hdl.

# Umsögn Dagsbrúnar hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti - lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi, 619. mál.

## I. Inngangur

Dagsbrún hf. hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytinga á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Dagsbrún hf. hefur engar athugasemdir varðandi lögfestingu samnings Evrópuráðsins um tölvubrot enda þar um þarft framtak löggjafans að ræða.

Ákvæði sem snúa að auknum skyldum til varðveislu tölvugagna og þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptafyrirtækja eru þó til þess fallin að valda nokkrum áhyggjum. Löggjafinn hefur á undanförunum árum rýmkað verulega heimildir lögreglu til þess að leggja fyrir starfsmenn fjarskiptafyrirtækja afhendingu á persónuupplýsingum án þess að til komi dómsúrskurður. Hafa ber í huga að hér er um að ræða takmarkanir á friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu borgaranna sem vernduð er af 71. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þessar breytingar fela í sér að starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eru í auknum mæli orðnir þátttakendur í rannsóknaraðgerðum lögreglu. Vissulega fylgir slíkum aðgerðum þörf á að tryggja þagnarskyldu þeirra starfsmanna fjarskiptafyrirtækja er að málum koma. Hins vegar er ljóst að umræddir starfsmenn eru starfsmenn einkafyrirtækja og njóta því hvorki réttinda né bera skyldur sem opinberir starfsmenn. Dagsbrún hf. telur varhugavert að hnykkja á þagnarskyldu með því að leggja til aukin viðurlög við hugsanlegum brotum sbr. 7. gr. frumvarpsins. Eðlilegra væri að lögreglan leitaði leiða til þess að geta framkvæmt umræddar aðgerðir á eigin vegum þannig að starfsmenn fjarskiptafyrirtækjanna yrðu síður settir í þá stöðu að þurfa að meðhöndla viðkvæmar upplýsingar. Með umræddum ákvæðum virðist því sem verið sé að varpa ábyrgðinni í auknum mæli á starfsmenn fjarskiptafyrirtækja sem eins og áður segir teljast ekki til opinberra starfsmanna.

## II. Umsögn um einstaka greinar frumvarpsins

### 2.1. Breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940

Engar athugasemdir.

### 2.2. Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991

4. gr.

Engar athugasemdir.

5. gr.

Dagsbrún hf. telur ekki nægilega skýrt að afhending þeirra gagna sem fyrirmæli lögreglu ná til verði einungis að undangengnum dómsúrskurði sbr. 86. gr. laga um meðferð opinberra mála.

### **2.3. Breyting á lögum um fjarskipti nr. 81/2003**

#### *6. gr.*

Dagsbrún hf. telur fyrri málsgrein ákvæðisins óþarfa enda felur hún í sér að verið er að leggja fyrir fjarskiptafyrirtækjum að fara að gildandi lögum. Að því er varðar þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptafyrirtækja telur Dagsbrún hf. að skýrt sé mælt fyrir um slíka skyldu í fjarskiptalögum og því sé um óþarft ákvæði að ræða.

#### *7. gr.*

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að sá refsiramma sem lagður er til í frumvarpinu teljist heppilegur með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru þegar ákvæði fjarskiptalaga eru brotin. Ekki liggja þó fyrir neinar athuganir á því hvort umrædd lagabreyting sé nauðsynleg. Dagsbrún hf. er til að mynda ekki kunnugt um að nokkurn tímann hafi reynt á núgildandi refsheimild.